

# Frumvarp til laga

## um breytingu á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

### 1. gr.

3. málsl. 5. gr. laganna orðast svo: Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla úr stofnum sem halda sig að hluta í efnahagslögsögu Íslands sé landað erlendis enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

### 2. gr.

4. málsl. 1. mgr. 9. gr. laganna orðast svo: Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér er lagt til að tvær breytingar verði gerðar á lögum nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Er annars vegar lagt til að rýmkuð verði heimild til handa ráðherra til að heimila landanir erlendis á fiski sem veiðist bæði innan og utan lögsögu Íslands og hins vegar að breytt verði lagaákvæði sem lýtur að frágangi á undirmálsfiski um borð í veiðiskipum.

### Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/1996 er íslenskum fiskiskipum skylt að landa hér á landi öllum afla úr stofnum sem veiðast að hluta eða öllu leyti innan efnahagslögsögu Íslands. Þær undantekningar eru gerðar frá þessari meginreglu að ráðherra er annars vegar heimilt að leyfa löndun á ísfiski í erlendum höfnum enda sé hann seldur á opinberum fiskmörkuðum, sbr. 2. málsl. greinarinnar, og hins vegar löndun á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur enda sé tryggt að eftirlit með löndum og vigtun afla sé fullnægjandi, sbr. 3. málsl.

Hér er lagt til að heimildin í 3. málsl. verði rýmkuð þannig að hún sé ekki bundin við löndun til bræðslu en taki til veiða á fisktegundum sem veiðast innan og utan lögsögunnar. Með slíkri breytingu gæti ráðherra heimilað löndun t.d. á loðnu, kolmunna, norsk-íslenskri

síld og úthafskarfa erlendis þætti tryggt að eftirlit með löndun afla og vigtun væri fullnægjandi. Slík heimild gæti þegar veiðar eru stundaðar langt frá Íslandi dregið úr kostnaði við siglingar skipa og jafnframt aukið verðmæti aflans.

Um 2. gr.

Í 4. másl. 1. mgr. 9. gr. segir að ef ráðherra ákveði á grundvelli heimildar í lögum um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð teljist ekki nema að hluta til aflamarks þá skuli undirmálsfiski haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð og hann veginn sérstaklega.

Hér er lagt til að ákvæðinu verði breytt á þann veg að heimilað verði einnig að miða við þyngd en ekki eingöngu stærð. Þá er lagt til að ekki verði gerð skilyrðislaus krafa um að fiskinum verði haldið aðskildum frá öðrum fiski um borð heldur skuli ráðherra setja reglur um hvernig eftirliti með þessu atriði skuli varið. Má hér sem dæmi nefna að komið getur til greina að flokka undirmálsfisk frá við löndun afla eða vigtun hans. Má benda á í þessu sambandi tegundir sem ekki eru blóðgaðar eða gert er að um borð í veiðiskipi.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

### **Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

#### **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.**

Markmiðið með frumvarpinu er að leggja til annars vegar að heimila landanir erlendis á afla sem veiddur er úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögu og hins vegar er breytt lagaákvæði er varðar frágang á undirmálsfiski um borð í veiðiskipi.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki séð að það hafi kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð.